

# Fólkvangur í Garðahrauni, Vífilsstaðahrauni og Maríuhellum í Garðabæ

## Samningur um umsjón og rekstur

1. gr.

### Samningsaðilar

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880, og Garðabær, kt. 570169-6109, gera með sér samning um umsjón og rekstur fólkvangs í Garðahrauni, Vífilsstaðahrauni og Maríuhellum í Garðabæ í samræmi við 30. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Samkvæmt samningi þessum skal umsjón og rekstur fólkvangsins vera í höndum Garðabæjar og í samræmi við auglýsingu um fólkvang í Garðahrauni, Vífilsstaðahrauni og Maríuhellum í Garðabæ.

2. gr.

### Markmið samningsins

Markmið samningsins er að umsjón og rekstur fólkvangsins sé í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 og reglur hins friðlýsta svæðis í samræmi við auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum.

3. gr.

### Mörk fólkvangsins

Svæðið skiptist í 4 hluta í Búrfellshrauni; Maríuhella, Vífilsstaðahraun (Svínahraun), Garðahraun efra og Garðahraun neðra.

Mörk fólkvangshluta Maríuhella eru hellarnir og hraunið í nánasta umhverfi hellanna að Hlíðarvegi og Elliðavatnsvegi. Stærð alls 4 ha.

Mörk fólkvangshluta Vífilsstaðahrauns (Svínahrauns) eru Elliðavatnsvegur að austanverðu, að sunnanverðu milli hrauns og hlíðar að Urriðaholti, að vestanverðu veghelgunarsvæði Reykjanesbrautar og að norðanverðu Vífilsstaðalækur að Elliðavatnsvegi. Stærð alls 72,5 ha.

Mörk fólkvangshluta Garðahrauns efra eru veghelgunarsvæði Reykjanesbrautar að austanverðu, mörk skipulagssvæðis Molduhrauns að sunnanverðu, mörk deiliskipulagssvæðis Bæjargarðs að vestanverðu og Hraunsholtslækur að norðanverðu. Stærð alls 58,2 ha.

Mörk fólkvangshluta Garðahrauns neðra (sem er þríhyrningslaga) eru veghelgunarsvæði Álftanesvegar, veghelgunarsvæði Vífilsstaðavegar og mörk deiliskipulagssvæðis Hraunsholts vestra (Hraunsholtsbraut). Stærð alls 21,5 ha.

Mörk fólkvangsins eru nánar skilgreind í eftirfarandi hnitatöflum, og sýnd á meðfylgjandi hnitsettum (ISN93) uppdrætti í fylgiskjali.

Nr.	X	Y
1	355930,659	402117,552
2	356066,333	401500,353
3	355861,986	401463,524
4	355516,051	401882,823
5	357342,192	401289,792
6	358645,147	400893,886
7	357836,546	400527,116
8	356965,173	400940,859
9	356797,250	401018,064
10	358706,055	400868,515
11	359427,885	400519,882

G. E. V. ✓  
Kt 33  
Kt 33

12	358761,732	399811,348
13	358003,703	400302,499
14	359001,974	399675,256
15	359102,494	399675,256
16	359083,021	399660,651
17	358801,171	399739,304

4. gr.

*Verndar- og stjórnunaráætlun*

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir fólkvanginn í samráði við Garðabæ, sbr. d-lið 2. mgr. 6. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Í verndar- og stjórnunaráætluninni skal fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, landvörslu og landnýtingu, s.s. aðgengi ferðamanna að svæðinu, stígagerð og uppbyggingu mannvirkja. Samið skal sérstaklega um skiptingu kostnaðar vegna gerðar verndar- og stjórnunaráætlunar.

5. gr.

*Umsjón, landvarsla og skipting kostnaðar*

Garðabær sér um daglegt eftirlit, umsjón og rekstur fólkvangsins. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvarðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

Garðabær greiðir laun og annan kostnað vegna daglegrar umsjónar og rekstrar fólkvangsins. Um skiptingu kostnaðar vegna sérstakra verkefna skal samið hverju sinni.

Ef ráðinn er landvörður fyrir fólkvanginn skal viðkomandi uppfylla ákvæði 29. gr. laga um náttúruvernd, sbr. 1. gr. reglugerðar um landverði nr. 61/1990.

6. gr.

*Fræðsla*

Garðabær gefur út fræðsluefni, s.s. bæklinga og skilti um fólkvanginn og ber kostnað af þeirri útgáfu. Skiltagerð á svæðinu skal vera í samræmi við Skiltahandbók Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Ferðamálastofu. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir uppsetningu skilta innan fólkvangsins. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um gerð og uppsetningu fræðsluefnis.

7. gr.

*Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir*

Öll mannvirkjagerð, jarðrask og önnur breyting á landi skal vera í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir, auglýsingu um friðlýsingu fólkvangsins og verndar- og stjórnunaráætlun. Varðandi allar framkvæmdir á verndarsvæðinu ber að fylgja ákvæðum 38. gr. laga um náttúruvernd og ákvæðum friðlýsingar svæðisins.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf vegna framkvæmda á hinu friðlýsta svæði.

8. gr.

*Skýrslugerð*

Garðabær skal gefa Umhverfisstofnun skýrslu ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi innan fólkvangsins. Í skýrslunni, sem skal skila í lok hvers starfsárs, skal m.a. fjalla um ástand svæðisins, áætlaðan gestafjölda, undanþágur ráðherra, fræðslu, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli.

G. Kr. 3/2  
Kl. 1/1  
1/1

9. gr.

*Eftirlit Umhverfisstofnunar*

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli skuldbindingar í samræmi við samning þennan og þær reglur sem gilda um fólkvanginn, sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, 30. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og verndar- og stjórnunaráætlun.

10. gr.

*Gildistími og gildistaka*

Gildistími samnings þessa fyrir fólkvanginn í Garðahrauni, Vífilsstaðahrauni og Maríuhellum í Garðabæ er 10 ár frá undirritun og staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og umhverfis- og auðlindaráðherra einu.

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

11. gr.

*Ákvæði um endurskoðun*

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að þremur árum liðnum frá undirritun hans.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er sex mánuðir.


12. gr.

*Meðferð ágreiningsmála*


Umhverfis- og auðlindaráðherra úrskurðar um ágreiningsmál varðandi samning þennan.

Garðabæ 30. apríl 2014

F.h. Umhverfisstofnunar


  
Kristín Linda Arnadóttir  
forstjóri

F.h. Garðabæjar



  
Gunnar Einarsson  
bæjarstjóri




Staðfesting umhverfisráðherra

  
Sigurður Ingi Jóhannsson  
ráðherra

Vottar:



**Garðahreun, Vífilsstaðahreun og Mariuhellar**

	Platanndi:
	Kortsviðun:
	Fréttastöð:
	Kortagerð:
	Dagur:

Platanndi:	
Kortsviðun:	Lambert-ellipsun
Fréttastöð:	IGN93
Kortagerð:	Guðni Harðisson LMI
Dagur:	29.09.2012
© Landmælingar Íslands	

*my KJA*